

Miðlalæsi á Íslandi

HLUTI III: HATURSTAL & NEIKVÆÐ UPPLIFUN AF NETINU



Niðurstöður spurningakönnunar
Maskínu fyrir fjölmiðlanefnd



FJÖLMIÐLANEFND
ICELANDIC MEDIA COMMISSION

Inngangsorð

Eitt mikilvægasta hlutverk fjölmiðlanefndar samkvæmt lögum er að efla miðlalæsi og auka skilning á hlutverki og notkun ólíkra miðla meðal almennings. Miðlalæsi hefur verið skilgreint sem geta almennings til að nota, greina og meta mátt mynda, hljóðs og skilaboða í samtímameningunni. Einnig hæfnin til að eiga í samskiptum í gegnum ólíka miðla. Miðlalæsi tekur til allra fjölmiðla, netsins og annarra stafræna boðskiptaleiða.

Mikilvægt er að allur almenningur geti tekið virkan þátt í opinberri umræðu þar sem stór hluti samskipta fer nú fram á netinu. Því er mikilvægt að upplýsingar liggi fyrir um það hvernig slík samskipti fari fram og hvernig almenningur upplifi hin mismunandi netsamskipti. Þar sem netið er mikilvægur samskiptavettvangur í lýðræðislegri umræðu má telja alvarlegt ef hluti fólks telur sig verða fyrir áreiti, neteinelti eða haturstali og veigrar sér jafnvel við því að taka þátt í opinberri umræðu. Þá er einnig alvarlegt ef hluti fólks telur sig þvingaðan til að senda af sér myndir eða aðrar persónulegar upplýsingar eða myndir og myndbrot af einstaklingum eru birt í óþökk þeirra.

“ Þar sem netið er mikilvægur samskiptavettvangur í lýðræðislegri umræðu má telja alvarlegt ef hluti fólks telur sig verða fyrir áreiti, neteinelti eða haturstali og veigrar sér jafnvel við því að taka þátt í opinberri umræðu.

Fjölmiðlanefnd lét framkvæma víðtæka spurningakönnun í febrúar og mars 2021 með það að markmiði að kanna færni og þekkingu ólíkra hópa í samfélaginu á ólíkum miðlum. Byggir könnunin á norski rannsókn sem gerð var í samstarfi við ráðgjafar- og könnunarfyrirtækið Kantar, prófessor Tore Slaatta í TSL Analytics og prófessor Ola Erstad við háskólann í Osló. Var norska könnunin þýdd og staðfærð yfir á íslensku. Í þessari skýrslu er m.a. fjallað um þann hluta spurningakönnunarinnar sem tengist myndbirtingum á netinu, netsvindli, áreiti, neteinelti og hatursfullum ummælum.

Niðurstöður könnunarinnar sýna m.a. að tæplega fjórðungur kvenna í aldurshópnum 15-17 ára hafði upplifað það að vera þvingaður til að senda af sér myndir og aðrar persónulegar upplýsingar. Þá hafa tæplega 18% kvenna í þessum aldurshópi lent í því að myndir eða myndskaið af þeim hafi verið birt á netinu í óþökk þeirra. Einnig sagði rúmlega helmingur aðspurðra að það myndi reynast þeim frekar eða mjög erfitt að höndla aðstæður ef til þess kæmi að myndir eða myndskaið af þeim yrðu birt opinberlega gegn þeirra vilja.



Það vekur athygli að samkvæmt niðurstöðum norsku könnunarinnar hefur áreiti og neteinelti aukist í Noregi frá því að síðasta könnun var gerð þar í landi fyrir tveimur árum síðan. Þá sögðust aðeins 2% hafa orðið fyrir haturstali á netinu en nú eru það hlutfall komið upp í 7%. Í samanburði segjast 24,1% Íslendinga hafa upplifað hatursfull ummæli á netinu á síðustu 12 mánuðum sem er rúmlega þrisvar sinnum hærra hlutfall en í Noregi. Mikilvægt er að kanna nánar af hverju þessi mikli munur stafar og af hverju Íslendingar telja sig verða mun frekar fyrir hatursfullum ummælum á netinu en Norðmenn.

Þess ber að geta að þegar ákveðnir hópar telja sig ekki örugga á netinu eða telja sig útsetta fyrir hótunum, haturstali og neteinelti getur það haft alvarleg áhrif á samfélagið í heild. Ástæðan er sú að þá aukast líkurnar á því að ákveðnir hópar veigri sig við því að taka þátt í opinberri umræðu á netinu og að láta skoðanir sínar í ljós. Þeir sem verða fyrir slíku eiga það til að draga sig í hlé og eru því ekki lengur þátttakendur í lýðræðislegri umræðu með sama hætti og aðrir. Slík þróun getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir þróun lýðræðis. Rannsókn fjölmiðlanefndar sýnir að yngsti aldurshópurinn er líklegastur til að hafa upplifað hatursfull ummæli, einelti og áreiti.

“ Fjölmiðlanefnd telur mikilvægt að almenningur allur geti tekið þátt í opinni lýðræðislegri umræðu.

Þá vekur það athygli að rúmlega helmingur þeirra sem töldu sig hafa orðið fyrir ögrun eða háðung í umræðum á netinu sagðist vera orðinn varkárari gagnvart því að lýsa skoðunum sínum í umræðum á netinu. Þá sögðust tveir af hverjum tíu í sama hópi hafa hætt að taka þátt í umræðum á netinu. Til samanburðar eru 39% þeirra sem lent hafa í ögrun og háðung í Noregi orðnir varkárari á netinu og sama hlutfall er hætt að taka þátt í umræðum á netinu.

Fjölmiðlanefnd telur mikilvægt að almenningur allur geti tekið þátt í opinni lýðræðislegri umræðu. Því er mikilvægt að upplýsingar liggi fyrir um það hvernig ólíkir hópar upplifa samskipti á netinu og hvort tilteknir hópar séu líklegri en aðrir til að draga sig í hlé í opinberri umræðu. Það er mikilvægt að huga að góðum samskiptum á netinu og að almenningur sé upplýstur um hvernig hægt er að bregðast við verði hann fyrir áreiti, neteinelti eða haturstali.



Elfa Ýr Gylfadóttir
framkvæmdastjóri fjölmiðlanefndar



Samantekt

1 af 3

hefur upplifað
netsvindl

Priðjungur þátttakenda lenti í því að einhver reyndi að hafa af þeim fé með netsvindli, 17% að einhver hafði reynt að komast yfir lykilorðin þeirra og 3,1% hafði upplifað auðkennisþjófnað.

23,9%

kvenna 15-17 ára
hafa verið þvingaðar
til myndsendinga

Konur á aldrinum 15-17 ára voru sá hópur sem var langlíklegastur til þess að hafa upplifað það að vera þvingaður til að senda af sér myndir eða aðrar persónulegar upplýsingar, en 23,9% sögðust hafa lent í þeim aðstæðum á síðustu 12 mánuðum.

17,9%

kvenna 15-17 ára
hafa lent í
myndbirtingu
gegn vilja sínum

17,9% kvenna á aldrinum 15-17 ára hefur lent í því að myndir eða myndskeið af þeim voru birt á netinu í óþökk þeirra. Í hópi karla á sama aldri var hlutfallið einnig hátt þar sem 13,8% höfðu lent í þeim aðstæðum, en meðaltalið í öðrum aldurshópum (18 ára og eldri) var 2%.

Helmingur

atti í erfiðleikum
ef myndir yrðu
birtar í óþökk
þeirra

Helmingur þátttakenda (51,8%) mat það sem svo að það myndi reynast þeim frekar eða mjög erfitt að höndla aðstæður ef til þess kæmi að myndir eða myndskeið af þeim yrðu birt opinberlega gegn þeirra vilja. Konur (60,9%) töldu sig þá líklegri en karla (43,5%) til að eiga í erfiðleikum með að bregðast við í slíkum aðstæðum.

1 af 4

hefur upplifað
hatursfull
ummæli

Um fjórðungur (24,1%) þátttakenda hafði upplifað af eigin raun hatursfull ummæli á netinu á síðustu 12 mánuðum. Þá höfðu 12,3% upplifað einelti eða áreiti, 11,5% að einhver hefði hæðst að þeim eða ögrað í umræðum/athugasemdum og 10% höfðu upplifað hótanir um ofbeldi á netinu á síðustu 12 mánuðum. Hlutfallið var umtalsvert lægra í öllum þessum þáttum í sambærilegri norskri rannsókn.

15-17 ára

upplifa helst
hatursfull ummæli,
einelti, háðung og
hótanir á netinu

Yngsti aldurshópurinn (15-17 ára) var líklegastur til að hafa upplifað hatursfull ummæli, einelti eða áreiti, háðung í umræðum á athugasemdakerfum og hótanir um ofbeldi. Elsti aldurshópurinn (60 ára og eldri) var hins vegar ólíklegastur.

1 af 5

hætti að taka
þátt í umræðum
á netinu í kjölfar
háðs eða ögrunar

Aðeins fjórðungur þátttakenda varð ekki fyrir neinum áhrifum af ögrun eða háðung í athugasemdakerfum. Helmingur þátttakenda (52,5%) sagðist hafa orðið varkárari í að lýsa skoðunum sínum í umræðum á netinu í kjölfar háðs eða ögrunar, 32,8% sögðust frekar taka þátt í umræðum í lokuðum hópum og 20,6% hættu að taka þátt í umræðum á netinu.




Niðurstöður

1.1 Neikvæð upplifun fólks af netinu

Priðjungur hefur lent í netsvindli

Í spurningakönnuninni fengu þátttakendur dæmi um neikvæða upplifun fólks af netinu og voru beðnir um að tilgreina það sem þeir höfðu upplifað á síðustu 12 mánuðum. Priðjungur (32,4%) þátttakenda hafði lent í því að einhver hefði reynt að hafa af þeim fé með netsvindli, 17% að einhver hefði reynt að komast yfir lykilorðin þeirra, 3,1% að einhver hefði „hakkað“ persónuupplýsingarnar þeirra og stolið þeim (auðkennisþjófnaði), 2,6% að myndir eða myndskleið af þeim hefði verið birt á netinu gegn vilja þeirra og 1,3% að einhver hefði þvingað þau til að senda sér myndir eða aðrar upplýsingar. Sex af hverjum tíu sögðust þó ekki hafa lent í neinu af þeim dæmum sem tilgreind voru á síðustu 12 mánuðum. Þar voru langflestir í hópi 60 ára og eldri, þar sem 76,8% höfðu ekki upplifað neitt af því sem spurt var um, en meðaltalið úr öðrum aldurshópum (15-59 ára) var 56,6%.


Hér fyrir neðan eru dæmi um neikvæða upplifun fólks á netinu. Hefur þú lent í einhverju af eftirfarandi aðstæðum á síðustu 12 mánuðum?



Mynd 1: Dæmi um neikvæða upplifun fólks af netinu á síðustu 12 mánuðum

Karlar líklegri en konur til að upplifa netsvindl og lykilorðastuld

Karlar (34,7%) voru líklegri en konur (29,9%) til að segjast hafa lent í því að einhver hefði reynt að hafa af þeim fé með netsvindli. Í yngsta (15-17 ára) og elsta (60 ára og eldri) aldurshópnum voru fæstir sem sögðust hafa upplifað netsvindl, þar sem 16,8% í yngsta og 22% í elsta tilgreindu það en til samanburðar var meðaltalið 35% á aldursbilinu 18-59 ára. Karlar (19,3%) voru þá einnig líklegri en konur (14,7%) til að segjast hafa lent í því að einhver hefði reynt að komast yfir lykilorðin þeirra. Í elsta aldurshópnum voru hlutfallslega fæstir sem sögðust hafa lent í þeim aðstæðum, eða 6,1%, en til samanburðar var meðaltalið 19% á aldursbilinu 15-59 ára, þar sem hlutfallslega flestir voru í yngsta aldurshópnum (20,3%).




Mynd 2: Samanburður á upplifun af netsvindli eða lykilorðastuldi eftir aldri



Ungar konur eiga helst á hættu að verða þvingaðar til að senda myndir af sér og verða fyrir myndbirtingum á netinu gegn vilja þeirra

Í yngsta aldurshópnum (15-17 ára) höfðu 10,2% þátttakenda upplifað auðkennisþjófnað, 16,2% höfðu lent í því að myndir eða myndskaið af þeim hafi verið birt á netinu gegn vilja þeirra og 16,8% höfðu verið þvinguð til að senda myndir af sér eða aðrar persónulegar upplýsingar. Svarhlutfallið hjá yngsta hópnum í þessum liðum var töluvert hærra en í öllum öðrum aldurshópum. Konur í yngsta aldurshópnum voru þá líklegri en karlar í öllum þremur liðum. Konur á aldrinum 15-17 ára voru þannig sá hópur sem var langlíklegastur til þess að hafa upplifað það að vera þvingaður til að senda myndir af sér eða aðrar persónulegar upplýsingar, en 23,9% sögðust hafa lent í þeim aðstæðum á síðustu 12 mánuðum. Til samanburðar höfðu 6,3% karla í þessum aldurshópi (15-17 ára) upplifað þessar aðstæður og heildarmeðaltalið úr öðrum aldurshópum (18 ára og eldri) var 0,6%. Þá höfðu 17,9% kvenna í yngsta aldurshópnum lent í því að myndir eða myndskaið af þeim hafi verið birt á netinu í óþökk þeirra. Í hópi karla í yngsta aldurshópnum var hlutfallið sömuleiðis hátt þar sem 13,8% höfðu lent í þeim aðstæðum, en meðaltalið í öðrum aldurshópum (18 ára og eldri) var 2%. Auðkennisþjófnaður var þá algengastur meðal kvenna í yngsta aldurshópnum, þar sem 12% höfðu upplifað slíkan þjófnað. Hjá körlum á sama aldri (15-17 ára) höfðu 7,5% upplifað auðkennisþjófnað á síðustu 12 mánuðum, en meðaltalið úr öðrum aldurshópum (18 ára og eldri) var 2,8%.



Mynd 3: Samanburður á neikvæðri upplifun á netinu eftir kyni og aldri


1.2 Líkur á neikvæðri upplifun á netinu

Yngstu og elstu þátttakendurnir töldu sig ólíklegri til þess að lenda í netsvindli, lykilorðastuldi og auðkennisþjófnaði

Helmingur þátttakenda taldi það frekar eða mjög líklegt að þeir myndu lenda í þeim aðstæðum að einhver reyndi að hafa af þeim fé með netsvindli. Þá töldu fjórir af hverjum tíu það frekar eða mjög líklegt að einhver gerði tilraun til þess að komast yfir lykilorðin þeirra og rúmur þriðjungur að persónuupplýsingunum þeirra yrði stolið eða þær „hakkaðar.“ Í öllum tilfellum voru yngsti (15-17 ára) og elsti (60 ára og eldri) aldurshópurinn hlutfallslega ólíklegri en aðrir aldurshópar til þess að

telja sennilegt að lenda í þeim aðstæðum. Fylgni var á milli menntunar þátttakenda og þess hversu líklegt þeir töldu að þeir gætu lent í einhverjum af fyrrnefndum þremur aðstæðum á netinu. Einstaklingar með meiri menntun voru þannig frekar á þeirri skoðun að telja mjög líklegt að geta orðið fyrir netsvindli, lykilorðastuldi og auðkennisþjófnaði. Konur (41,1%) voru frekar á þeirri skoðun en karlar (32%) að telja frekar eða mjög líklegt að geta orðið fyrir auðkennisþjófnaði. Þá töldu fleiri konur (53%) en karlar (48,4%) líklegt að geta orðið fyrir barðinu á netsvindli. Karlar (43,1%) voru þó heldur líklegri en konur (40,1%) til þess að telja sennilegt að geta orðið fyrir lykilorðastuldi.

Hversu líklegt eða ólíklegt finnst þér að þú gætir orðið fyrir eftirfarandi á netinu?



Mynd 4: Mat þátttakenda á líkum þess að lenda í neikvæðri upplifun á netinu


Konur í yngsta aldurshópnum í mestri hættu á að vera þvingaðar til að senda myndir eða aðrar upplýsingar á netinu

Einn af hverjum tíu taldi frekar eða mjög líklegt að geta lent í aðstæðum þar sem einhver beitir þvingunum til þess að fá sendar myndir eða aðrar persónulegar upplýsingar á netinu. Í heildina voru konur (11%) heldur líklegri en karlar (9,2%) til þess að telja sennilegt að lenda í þessum aðstæðum. Þar voru konur í yngsta aldurshópnum (15-17 ára) í yfirgnæfandi meirihluta þar sem helmingur (50,9%) taldi það frekar eða mjög líklegt að verða beittur þvingunum til að senda myndir eða aðrar upplýsingar á netinu. Til samanburðar töldu 13,1% karla á sama aldri (15-17 ára) það frekar eða mjög líklegt. Í hópi karla voru flestir á aldrinum 18-29 ára (18,2%) sem töldu líklegt að lenda í þessum aðstæðum. Aðeins 15,8% kvenna á aldrinum 15-17 ára töldu engar líkur á því að einhver reyndi að beita þær þvingunum til að senda sér myndir eða aðrar persónulegar upplýsingar á netinu. Til samanburðar var heildarmeðaltal þeirra sem töldu engar líkur á að lenda í þessum aðstæðum 40,2%.

Tæpur þriðjungur kvenna í yngsta aldurshópnum telur líklegt að myndir eða myndskeið af þeim verði birt á netinu gegn vilja þeirra


Í heildina töldu 14,3% þátttakenda það frekar eða mjög líklegt að myndir eða myndskeið af þeim verði birt á netinu gegn vilja þeirra. Konur (15,8%) voru heldur líklegri en karlar (12,8%) til þess að svara á þann hátt. Í aldurshópi kvenna á aldrinum 15-17 ára voru hlutfallslega flestir sem töldu miklar líkur á að lenda í þeim aðstæðum, þar sem 28,1% þess aldurshóps taldi það frekar eða mjög líklegt. Næsthæsta hlutfallið var í hópi kvenna á aldrinum 40-49 ára þar sem 21,5% kvenna töldu sig líklegar til að verða fyrir myndbirtingu á netinu gegn vilja sínum, en í þeim hópi var jafnframt hæst hlutfall þeirra sem taldi engar líkur á því að lenda í þeim aðstæðum (16,5%). Í hópi karla töldu flestir, eða tveir af hverjum tíu, í yngstu tveimur aldurshópnum (15-29 ára) það frekar eða mjög líklegt að lenda í því að myndir eða myndskeið verði birt á netinu gegn vilja þeirra.

Líkur á að einhver reyni að þvinga mig til að senda myndir eða aðrar upplýsingar um mig



Mynd 5: Hlutfall þeirra sem taldi frekar eða miklar líkur á að lenda í þvingunum til að senda persónuupplýsingar

Líkur á að myndir eða myndskeið verði birt á netinu gegn vilja mínum




Mynd 6: Hlutfall þeirra sem taldi frekar eða miklar líkur á að lenda í myndbirtingu gegn eigin vilja

1.3 Aðgerðir í kjölfar auðkennisþjófnaðar og netsvindls

Flestir breyttu persónuverndarstillingum á samfélagsmiðlum til að bregðast við auðkennisþjófnaði

Þeir þátttakendur sem höfðu lent í auðkennisþjófnaði (að persónuupplýsingunum þeirra hafi verið stolið) voru beðnir að tilgreina hvaða aðgerðum þeir hefðu beitt í kjölfarið. Rúmur helmingur (55,4%) breytti persónuverndarstillingum á samfélagsmiðlum, 41,6% voruðu aðra við, 39% tilkynntu atvikið beint til viðkomandi samfélagsmiðils, 19,4% höfðu samband við vin/kunningja og báðu um aðstoð, 17,8% blokkuðu einhvern, 16% tilkynntu atvikið til yfirvalda og 7,7% gerðu ekkert. Þá sögðust 4,8% hafa beitt öðrum aðferðum eins og t.d. að loka kreditkortinu eða að eyða síðunni og gera nýja.

Gerðir þú eitthvað af eftirfarandi þegar persónuupplýsingum þínum var stolið (þær „hakkaðar“)?




Mynd 7: Samanburður á viðbrögðum við auðkennisþjófnaði

Netsvindl kallar á önnur viðbrögð en auðkennisþjófnaður

Einnig voru könnuð viðbrögð þeirra þátttakenda sem sögðust hafa lent í netsvindli, þar sem ætlunin var að hafa af þeim fé. Í því tilviki voru algengustu viðbrögðin þau að blokka einhvern (39,6%) eða að gera ekkert (29,9%). Um 29,5% svarenda tilkynntu atvikið beint til viðkomandi samfélagsmiðils og 28% voruðu aðra við. Þá breyttu 20,6% svarenda persónuverndarstillingum á samfélagsmiðlum, en það var algengasta viðbragðið við auðkennisþjófnaði þar sem 55,4% notuðu þá leið. Atvikið var tilkynnt til yfirvalda í 9,7% tilfella, 4,6% höfðu samband við vin/kunningja til að leita aðstoðar og 3,7% gerðu eitthvað annað, eins og t.d. að breyta lykilorði, hafa samband við upplýsingatæknideild eða eyða póstinum. Í þessari spurningakönnun kom því í ljós töluverður munur á viðbrögðum þátttakenda við netsvindli annars vegar og auðkennisþjófnaði hins vegar.



Gerðir þú eitthvað af eftirfarandi þegar reynt var að hafa af þér fé með netsvindli?



Mynd 8: Samanburður á viðbrögðum við netsvindli


1.4 Viðbrögð við neikvæðri upplifun á netinu

Konur í meiri erfiðleikum með að bregðast við þvingunum til myndasendinga og myndbirtingu gegn þeirra vilja

Helmingur þátttakenda (51,8%) mat það svo að það myndi reynast þeim frekar eða mjög erfitt að höndla aðstæður ef til þess kæmi að myndir eða myndskreið af þeim yrðu birt opinberlega gegn þeirra vilja. Konur (60,9%) töldu sig þá líklegri en karla (43,5%) til að eiga í erfiðleikum með að bregðast við í slíkum aðstæðum. Í heildina töldu 25,8% sig eiga frekar eða mjög auðvelt með slíkar aðstæður og 22,4% í meðallagi. Tæpur þriðjungur (29,8%) þátttakenda taldi sig eiga frekar eða mjög erfitt með að bregðast við aðstæðum ef upp kæmi sú staða að einhver reyndi að þvinga þá til að senda myndir af þeim eða aðrar persónulegar upplýsingar. Helmingur þátttakenda (53,3%) taldi sig eiga frekar eða mjög auðvelt með slíkar aðstæður og 16,9% í meðallagi. Konur (33,3%) voru þá líklegri en karlar (26,5%) til þess að segjast eiga frekar eða mjög erfitt með að höndla slíkar aðstæður. Yngsti (15-17 ára) og elsti (60 ára og eldri) aldurshópurinn taldi sig eiga í meiri erfiðleikum með að bregðast við en aðrir aldurshópar ef einhver reyndi að þvinga þá til að senda myndir eða persónulegar upplýsingar. Í yngsta hópnum töldu 38% sig eiga í frekar eða miklum erfiðleikum með að bregðast við í slíkum aðstæðum og í elsta hópnum var hlutfallið 46,3%. Til samanburðar var meðaltalið í öðrum aldurshópum 27,25%.



Hversu auðvelt eða erfitt myndi það reynast þér að höndla eftirfarandi aðstæður á netinu?



Mynd 9: Mat þátttakenda á eigin hæfni til að takast á við neikvæðar upplifanir á netinu

Flestir áttu í erfiðleikum með að höndla auðkennisþjófnað

Í heildina töldu 56,3% þátttakenda sig eiga frekar eða mjög erfitt með að höndla aðstæður ef persónuupplýsingum þeirra yrði stolið (þær „hakkadar“). Auðkennisþjófnaður er þannig sú neikvæða upplifun á netinu sem flestir þátttakendur töldu sig eiga í erfiðleikum með að bregðast við. Aðeins 18,2% töldu sig frekar eða mjög vel í stakk búna til að höndla slíkar aðstæður og 25,5% í meðallagi. Konur (60,9%) töldu sig þá í meiri erfiðleikum en karlar (52%) og yngsti (64,4%) og elsti (67,7%) aldurshópurinn voru í meiri erfiðleikum en aðrir aldurshópar (55%).

Yngsti og elsti aldurshópurinn í mestum vandræðum með að höndla neikvæðar aðstæður á netinu


Fjórðungur (25,7%) þátttakenda átti í erfiðleikum með að bregðast við í þeim aðstæðum að einhver reyndi að komast yfir lykilorðin þeirra. Af þeim neikvæðu upplifunum á netinu sem spurt var um var lykilorðastuldur það atriði sem flestir töldu sig eiga frekar eða mjög auðvelt með að bregðast við, eða 58,4% þátttakenda. Yngsti (32,2%) og elsti (44,6%) aldurshópurinn áttu þó í meiri erfiðleikum (frekar eða mjög erfitt) með að höndla slíkar aðstæður en aðrir aldurshópar (22,45%). Þá töldu 28,6% þátttakenda sig eiga frekar eða mjög erfitt með að höndla það ef einhver reyndi að hafa af þeim fé með netsvindli. Enn og aftur voru það yngstu (38,2%) og elstu (48,8%) hóparnir sem áttu í meiri erfiðleikum en aðrir aldurshópar (24,4%).

1.5 Haturfull ummæli, einelti og hótanir á netinu

Meira um haturfull ummæli, einelti og hótanir á netinu á Íslandi en í Noregi

Um fjórðungur (24,1%) þátttakenda sagðist hafa tekið eftir/upplifað af eigin raun haturfull ummæli á netinu á síðustu 12 mánuðum. Það er umtalsvert hærra hlutfall en mældist í sambærilegri rannsókn í Noregi sem unnin var af norsku fjölmiðlanefndinni Medietilsynet þar sem 7% þátttakenda höfðu upplifað haturfull ummæli. Einnig var spurt um neteinelti, háðung í athugasemdakerfum og hótanir um ofbeldi á netinu á sambærilegan hátt í þessari rannsókn og þeirri norsku. Í öllum atriðum var svarhlutfallið töluvert hærra á Íslandi en í Noregi. Aðeins 3% þátttakenda höfðu upplifað einelti eða áreiti á netinu í Noregi en 12,3% á Íslandi. Hlutfallslega helmingi fleiri höfðu upplifað háðung eða ögrun í umræðum/athugasemdum á Íslandi (11,5%) en í Noregi (5%). Þá sögðust 10% þátttakenda á Íslandi hafa upplifað hótanir um ofbeldi á síðustu 12 mánuðum en aðeins 2% í Noregi.

Hverju af eftirfarandi hefur þú tekið eftir/upplifað af eigin raun á netinu á síðustu 12 mánuðum?




Mynd 10: Samanburður á Íslandi og Noregi á upplifun þátttakenda af haturfullum ummælum, neteinelti, háðung í athugasemdakerfum og hótunum um ofbeldi á netinu

Yngsti aldurshópurinn líklegastur til að hafa upplifað haturfull ummæli, einelti, háðung og hótanir á netinu

Yngsti aldurshópurinn (15-17 ára) var líklegri en aðrir aldurshópar til þess að segjast hafa upplifað haturfull ummæli, einelti eða áreiti, háðung eða ögrun í umræðum/athugasemdakerfum og hótanir um ofbeldi. Elsti aldurshópurinn (60 ára og eldri) var hins vegar ólíklegastur til að hafa upplifað öll þau atriði sem hér eru talin upp. Til samanburðar höfðu 85,8% í elsta aldurshópnum ekki upplifað neitt þeirra meðan að hlutfall þeirra sem svaraði á sama hátt í yngsta aldurshópnum var 56,2%.

Hverju af eftirfarandi hefur þú tekið eftir/upplifað af eigin raun á netinu á síðustu 12 mánuðum?




Mynd 11: Samanburður á aldurshópum og hlutfalli þeirra sem höfðu upplifað hatursfull ummæli, neteinelti, háðung í athugasemdakerfum og hótanir um ofbeldi á netinu

Karlar líklegri til að hafa upplifað hatursfull ummæli, háðung og hótanir á netinu

Karlar voru heldur líklegri en konur til þess að segjast hafa upplifað hatursfull ummæli, háðung eða ögrun í umræðum/athugasemdum og hótanir um ofbeldi. Hlutfallið var þó jafnt milli kynja þegar að spurt var um einelti eða áreiti. Eins og sjá má á mynd 12.

Hverju af eftirfarandi hefur þú tekið eftir/upplifað af eigin raun á netinu á síðustu 12 mánuðum?



Mynd 12: Samanburður á kyni þátttakenda og upplifun af hatursfullum ummælum, neteinelti, háðung í athugasemdakerfum og hótunum um ofbeldi á netinu

Mikill munur milli kynja eftir aldurshópum

Þegar að munurinn milli kynja er skoðaður eftir aldri kemur ýmislegt athyglisvert í ljós. Á aldersbilinu 50-59 ára er mestur munur milli kynja þegar að spurt er um hatursfull ummæli á netinu, þar sem 32,7% karla höfðu upplifað slíkt en 19% kvenna á síðustu 12 mánuðum. Þegar að spurt er um einelti og áreiti er munurinn mestur á aldersbilinu 15-17 ára þar sem 29,4% kvenna höfðu upplifað slíkt en 9,8% karla. Karlar (19,8%) voru hinsvegar líklegri en konur (10,9%) til að hafa upplifað einelti eða áreiti á aldersbilinu 40-59 ára. Karlar (18,8%) voru þá einnig líklegri en konur (8%) á aldersbilinu 18-59 ára til að hafa upplifað háðung eða ögrun í umræðum/athugasemdakerfum. Konur (11,1%) á aldersbilinu 30-39 ára voru líklegri en karlar (4,2%) til að hafa upplifað hótanir




um ofbeldi. Karlar á aldersbilinu 15-29 ára (19,5%) voru hinsvegar líklegri en konur (12,2%) til að hafa upplifað slíkar hótanir og einnig á aldersbilinu 40-59 ára þar sem hlutfall þeirra sem höfðu upplifað ofbeldishótanir var 15,6% í hópi karla en 7,5% í hópi kvenna.

Fjórðungur telur líklegt að lenda í háðung eða ögrun í umræðum/athugasemdakerfum

Af þeim fjórum atriðum sem spurt var um töldu flest frekar eða mjög líklegt að þau gætu orðið fyrir háðung eða ögrun í umræðum/athugasemdakerfum, eða 25,5%. Þá voru 19,2% sem töldu frekar eða mjög líklegt að þau gætu orðið fyrir hatursfullum ummælum á netinu, 14,6% einelti eða áreiti og 11,2% hótunum um ofbeldi. Karlar voru heldur líklegri en konur til að telja frekar eða miklar líkur á að verða fyrir hatursfullum ummælum, háðung í athugasemdakerfum og hótunum um ofbeldi á netinu. Konur voru hins vegar heldur líklegri en karlar til að telja frekar eða miklar líkur á því að verða fyrir einelti eða áreiti á netinu. Elsti aldurshópurinn (60 ára og eldri) taldi mun minni líkur á að lenda í einhverju af þeim fjórum atriðum sem spurt var um en allir aðrir aldurshópar. Hæsta hlutfall þeirra sem töldu líklegt að geta orðið fyrir hatursfullum ummælum, einelti, háðung og hótunum á netinu var í yngsta aldurshópnum (15-17 ára).

Hversu líklegt eða ólíklegt telurðu að þú gætir orðið fyrir eftirfarandi á netinu?




Mynd 13: Mat þátttakenda á líkum þess að lenda í hatursfullum ummælum, neteinelti, háðung í athugasemdakerfum og hótunum um ofbeldi á netinu

1.6 Viðbrögð við hatursfullum ummælum, einelti og hótunum á netinu

Hærra hlutfall á Íslandi en í Noregi telur sig í erfiðleikum með að bregðast við neikvæðum aðstæðum á netinu

Nokkur munur er á Íslandi og Noregi þegar að niðurstöður varðandi viðbrögð við hatursfullum ummælum, einelti og hótunum á netinu eru bornar saman. Helmingur (48,5%) þátttakenda á Íslandi eiga í frekar eða mjög miklum erfiðleikum með að bregðast við hótunum um ofbeldi á netinu, en 38% í Noregi. Á Íslandi voru 44,5% þátttakenda sem töldu sig eiga mjög eða frekar erfitt með að bregðast við einelti eða áreiti á netinu en í Noregi var hlutfallið 33%. Þá var einnig hlutfallslegur munur milli landanna þegar að spurt var um viðbrögð við hatursfullum ummælum þar sem 35,9% töldu sig eiga frekar eða mjög erfitt með viðbrögð í þessari rannsókn en 30% í Noregi. Munurinn milli landanna var minnstur í aðstæðum þar sem háðung eða ögrun er beitt í umræðum t.d. í athugasemdakerfum. Þá voru 33,1% sem töldu sig í frekar eða mjög miklum vandræðum með viðbrögð á Íslandi en 31% í Noregi.

Hlutfall þeirra sem ættu frekar eða mjög erfitt með að bregðast við því ef eitthvað af eftirfarandi myndi koma fyrir á netinu



Mynd 14: Samanburður á Íslandi og Noregi á hlutfalli þátttakenda sem taldi sig í frekar eða mjög miklum erfiðleikum með viðbrögð í aðstæðum sem innihalda hatursfull ummæli, neteinelti, háðung í athugasemdakerfum eða hótanir um ofbeldi á netinu

Konur eiga í meiri erfiðleikum en karlar með að bregðast við neikvæðum aðstæðum á netinu


Konur voru líklegri en karlar til að eiga í erfiðleikum með að bregðast við í öllum þeim fjórum atriðum sem spurt var um eins og sjá má á mynd 15. Hlutfallið er nokkuð jafnt þegar að þetta er skoðað með tilliti til aldurs, en yngsti (15-17 ára) og elsti (60 ára og eldri) aldurshópurinn eru heldur líklegri en aðrir til þess að telja sig eiga í mjög eða frekar miklum erfiðleikum með að bregðast við. Aldurshópurinn 18-39 ára er líklegri en aðrir til þess að telja sig eiga mjög auðvelt með viðbrögð í öllum fjórum atriðum sem spurt var um.

Hversu auðvelt eða erfitt væri það fyrir þig að bregðast við því ef eitthvað af eftirfarandi myndi koma fyrir þig á netinu?


- Einhver beinir hatursfullum ummælum að mér




- Einhver leggur mig í einelti eða áreitir mig



- Að einhver hafi hæðst að mér eða ögrað mér í umræðum/athugasemdakrefum



- Einhver hótar mér með ofbeldi



Mynd 15: Samanburður á kyni þátttakenda og viðbrögðum í aðstæðum sem innihalda hatursfull ummæli, neteinelti, háðung í athugasemdakerfum eða hótanir um ofbeldi á netinu

Flestir gerðu ekkert til að bregðast við hatursfullum ummælum, einelti eða áreiti á netinu

Þátttakendur sem höfðu upplifað hatursfull ummæli, einelti eða áreiti á netinu á síðustu 12 mánuðum voru beðnir um að tilgreina hvort og þá hvað þeir hefðu gert til að bregðast við þeim aðstæðum. Helmingur þátttakenda (49%) sagðist ekki hafa gert neitt, 36,8% blokkaði einstakling, 16,1% eyddi miðlinum og smáforritum, 13,4% varaði aðra við viðkomandi einstaklingi, 8,1% kærði eða tilkynnti viðkomandi einstakling til yfirvalda, 6,7% hafði samband við þá sem báru ábyrgð og 1,8% tilgreindi aðrar aðgerðir. Yngsti aldurshópurinn (15-17 ára) var líklegri en aðrir til þess að grípa til þeirra aðgerða sem spurt var um. Elsti aldurshópurinn (60 ára og eldri) var ólíklegastur til þess að bregðast við með framangreindum aðgerðum.

66 Svareði í kommentum

66 Tilkynnti til viðkomandi miðils


66 Yfirgaf hóp á Facebook þar sem ummælin féllu



Íslendingar líklegri en Norðmenn til að gera ekkert

Það er athyglisvert að skoða niðurstöðurnar í samanburði við norsku könnunina, þar sem nokkur munur er á þeim aðgerðum sem þátttakendur gripu til. Í Noregi voru flestir sem blokkðu einstakling (45%), 23% eyddu miðlum og smáforritum, 23% gerðu ekkert, 15% höfðu samband við þá sem báru ábyrgð, 12% kærðu eða tilkynntu viðkomandi einstakling til yfirvalda, 10% voru aðra við viðkomandi einstaklingi og 6% tilgreindu aðrar aðgerðir.

Hefur þú á síðustu 12 mánuðum gert eitthvað af eftirfarandi til að bregðast við hatursfullum ummælum, einelti eða áreiti á netinu?




Mynd 16: Samanburður á Íslandi og Noregi og viðbrögðum einstaklinga við hatursfullum ummælum, einelti eða áreiti á netinu

1.7 Áhrif á þátttöku í umræðum á netinu

Aðeins fjórðungur varð ekki fyrir áhrifum af ögrun eða háðung í umræðum á netinu

Þeir þátttakendur sem upplifðu ögrun eða háðung í umræðum á netinu t.d. í athugasemdakerfum voru spurðir að því hvort það hefði haft áhrif á þátttöku þeirra í umræðum á netinu. Helmingur (52,5%) sagðist hafa orðið varkárari í að lýsa skoðunum sínum í umræðum á netinu, þá sögðust 32,8% frekar taka þátt í umræðum í lokaðum hópum, 27% sögðu þetta ekki hafa haft nein áhrif, 20,6% hættu að taka þátt í umræðum á netinu, 15,5% sögðust frekar ræða við fólk sem væri sammála sér, 4,2% fóru að taka meiri þátt en áður og 2% nefndu aðrar afleiðingar. Til samanburðar urðu 39% varkárari í að lýsa skoðunum sínum í Noregi, 23% töldu þetta ekki hafa áhrif, 22% hættu að taka þátt í umræðum, 21% leituðu meira í lokaða hópa, 16% tóku meiri þátt en áður, 14% leituðu frekar í að ræða við þá sem væru sammála sér og 8% nefndu aðrar afleiðingar.

Hefur ögrunin/háðið haft áhrif á þátttöku þína í umræðum á netinu?



Mynd 17: Áhrif ögrunar og háðs á þátttöku í umræðum á netinu

Háðung og ögrun í athugasemdakerfum hefur meiri áhrif á konur en karla

Konur (56,2%) voru heldur líklegri en karlar (50,8%) til að vera varkárari í umræðum á netinu í kjölfar ögrunar eða háðungar í athugasemdakerfum. Í Noregi voru konur (42%) sömuleiðis líklegri en karlar (38%) til að vera varkárari í umræðum á netinu. Konur (39,2%) leituðu þá frekar í umræður í lokuðum hópum en karlar (29,9%). Í Noregi var munurinn minni en konur (23%) þar voru þó einnig líklegri en karlar (19%) til þess að leita í lokaða hópa. Konur (23,5%) voru þá mun líklegri en karlar til þess að ræða frekar við fólk sem væri sammála þeim en karlar (11,8%). Í Noregi voru það hinsvegar karlar (20%) sem voru mun líklegri en konur (5%) til þess að ræða frekar við þá sem væru sammála þeim.

66 Sagði þeim bara að fokka sér

66 Talaði við foreldra viðkomandi

66 Læt vera að setja comment – leið á „góða fólkinu“ sem telur sig allaf vera með réttu svörin

66 Ég tek minna þátt í umræðum á netinu

Um spurningakönnunina

Könnunin um fjölmiðla- og netnotkun og færni almennings var framkvæmd af Maskínu fyrir fjölmiðlanefnd. Könnunin var lögð fyrir Þjóðgátt Maskínu, sem er þjóðhópur (e. panel) sem dreginn er með tilviljun úr Þjóðskrá, á netinu. Svarendur eru alls staðar að af landinu og á aldrinum 18 ára og eldri. Könnunin var einnig lögð fyrir úrtak ungmenna á aldrinum 15-17 ára sem dregið var með tilviljun úr Þjóðskrá.

“ Meginmarkmið könnunarinnar er að búa til ramma fyrir stefnumótun á sviði miðlalæsis svo að hægt sé að bregðast við með aðgerðum til úrbóta.

Við úrvinnslu voru gögnin vegin til samræmis við tölur Hagstofunnar þannig að hópurinn sem svarar endurspegli þjóðina á þessum aldri út frá kyni og búsetu. Við vigtun gagna getur birst örlítið mismæmi í fjöldatölum og hlutföllum sem orsakast af námundun. Könnunin fór fram í febrúar og mars 2021 og voru svarendur 1.442 talsins.

Meginmarkmið könnunarinnar er að búa til ramma fyrir stefnumótun á sviði miðlalæsis svo að hægt sé að bregðast við með aðgerðum til úrbóta þar sem skóinn kreppir og beina fræðslu til þeirra hópa sem helst þurfa á henni að halda. Einnig að kanna færni og þekkingu almennings með reglubundnum hætti þannig að hægt verði að kanna hvernig hún breytist með tímanum. Með því verður mögulegt að þróa rammann í takti við breytta notkun á ólíkum miðlum.





FJÖLMÍÐLANEFND
ICELANDIC MEDIA COMMISSION

Útgáfudagur
18.08.2021

Útgefandi
Fjölmiðlanefnd - Icelandic Media Commission

Ritstjórn
Elfa Ýr Gylfadóttir - Framkvæmdastjóri fjölmiðlanefndar
Skúli Bragi Geirdal - Verkefnastjóri miðlalæsis hjá fjölmiðlanefnd

